

Greinagerð vegna nauðsynlegrar stækkunar Dægradvalar á Ísafirði

Inngangur

Dægradvöl er lengd viðvera að loknum skóladegi yngstu nemenda grunnskólanna. Í lögum um grunnskóla nr. 2008/91 kemur fram í grein 33. a um frístundaheimili að:

- „**Öllum börnum í yngri árgöngum** grunnskóla skal gefinn kostur á þjónustu frístundaheimila. Frístundaheimili er frístundavettvangur barna með áherslu á val barna, frjálsan leik og fjölbreytileika í viðfangsefnum og umhverfi. Við skipulag þjónustu frístundaheimila skal tekið mið af þörfum, þroska og áhuga hvers og eins.
- Sveitarfélög fara með faglegt forræði frístundaheimila, ákveða skipulag starfsemi þeirra og rekstrarform með samþættingu skóla- og frístundastarfs og þarfir barna að leiðarljósi.
- Á frístundaheimilum gilda almenn ákvæði laganna og reglugerða settra samkvæmt þeim um öryggi og velferð barna, réttindi og skyldur, tilkynningarskyldu og ráðningarbann á grundvelli sakavottorðs.
- Ráðuneytið gefur út, að höfðu samráði við Samband íslenskra sveitarfélaga, viðmið um gæði frístundastarfs, þ.m.t. um hlutverk og markmið, skipulag og starfsaðstæður, starfshætti, margbreytileika, stjórnun og menntun starfsfólks.
- Sveitarfélög geta ákveðið að reka ekki frístundaheimili ef gildar ástæður eru fyrir hendi, t.d. staðbundnar aðstæður.
- Sveitarfélögum er heimilt að taka gjald fyrir vistun barna á frístundaheimili samkvæmt gjaldskrá sem þau setja og birta opinberlega.“

Grein þessi kom inn í lögin árið 2016 en ekki er í skýringum skilgreint hvað átt sé við með yngri árgöngum.

Síðustu ár hefur Ísafjarðarbær verið leiðandi í tómskundamálum yngri nemenda og er til að mynda fyrsta sveitarfélagið sem fléttar íþróttir, tómskundir og listnám inn í skólalag þeirra. Starf félagsmiðstöðvar nemenda 8.-10. bekkjar hefur verið til fyrirmyndar og aðstaðan sem þessi starfsemi hefur búið við hefur verið til fyrirmyndar. Við höfum fengi gest til okkar frá nokkrum stöðum sem hafa dásamað aðstöðuna og undirrituð hefur haldið fyrirlestur og kynningar víða um samþættingu skólalags yngstu nemenda.

Vinnuhópur á vegum menntamálaráðuneytisins, sem sviðsstjóri á sæti í, er nú að leggja lokahönd á viðmið um gæði frístundastarfs á frístundaheimilum. Þar er ekki skilgreint hvernig húsnæðið skuli vera eða hvaða aldur eigi rétt á þjónustu en þar kemur fram að sveitarfélög eigi að móta sér stefnu um frístundaheimili, þróun, samstarf, aðstæður og mat.

Staðan

Við höfum skilgreint yngstu nemendurna sem nemendur 1.-2. bekkjar á meðan langflest sveitarfélög hafa skilgreint þau sem nemendur 1.-4. bekkjar. Þannig hafa nemendur í 1.-2. bekk fengið pláss í Dægradvöl og nemendur 3. bekkjar ef pláss er. Viðmiðunarreglur Ísafjarðarbæjar eru að ekki skuli hafa fleiri nemendur en 12 á hvern starfsmann en víðast hvar er miðað við 15 nemendur á hvern starfsmann.

Sú skemmtilega staða er komin upp að árgangar hafa farið stækkandi og eru þeir árgangar sem eru að koma inni í Grunnskólann á Ísafirði telja 50 börn í stað 23-35 barna fyrir örfáum árum. Það húsnæði sem hýsir starfseminu í dag, 2. hæð Austurvegar 9, er ætluð fyrir 50 börn. Þar eru í dag 70 börn á skrá þó ekki séu öll börn alla daga og alltaf eru einhver börn í íþrótt- eða listtímum. Dægradvöl hefur auk þess fengið inni í félagsmiðstöðinni fyrir einn hóp og þar eru 10-12 börn, með þessu móti verðu starfið látið ganga upp í vetur.

Sá árgangur sem kemur inn í skólann haustið 2018 telur 50 börn og því verða 100 börn bara í 1.-2. bekk. Það er ljóst og má sjá á niðurstöðum könnunar sem gerð var meðal foreldra barna í 1.-4. bekk að áhugi er á úrræðum fyrir einhver börn í 3.-4. bekk einnig.

Í því húsnæði sem starfsemin er í dag hefur verið erfitt að koma til móts við börn með frávík, þar er ekki gert ráð fyrir rýmum til að fara afsíðis með einn eða fleiri einstaklinga. Börnum með einhverfu hefur fjölgað verulega síðustu ár og eiga þau sérstaklega erfitt með að vera í þessum opnu rýmum sem eru í núverandi húsnæði.


Niðurstaða könnunar

Könnun var send í október 2017 á alla foreldra barna í 1.-4. bekk Grunnskólans á Ísafirði sem eru með skráð netföng í Mentor. Svarhlutfall var frekar lágt, alls bárust 67 svör en í 1.-4. bekk eru í dag 166 nemendur, einhver systkini og má því gera ráð fyrir að svör séu frá tæplega helmingi heimila nemenda á þessum aldri. Flestir þeirra sem svara könnuninni eða 41% eiga börn í 1. bekk, 30,3% eiga barn í 2. bekk, 16,7% eiga börn í 3. bekk, 13,6% eiga börn í 4. bekk og 5,1% eiga fleiri en eitt barn í 1.-4. bekk.

Greint verður hér frá helstu niðurstöðum:

Hefur þú nýtt eða ert þú að nýta þjónustu Dægradvalar?


67 svör



Þegar spurt var hver ástæða sé fyrir því að fólk hafi ekki nýtt þjónustu Dægradvalar kemur fram: að ástæðan sé að hún sé bara fyrir 1.-2. bekk, viðkomandi hafi ekki þurft á henni að halda, hávaði sé mikill þar og viðkomandi vilji nýta hana sem minnst vegna fjölda barna.

Þegar spurt er hvort viðkomandi myndi nýta sambærilega þjónustu og Dægradvöl er ef hún væri í boði fyrir 3.-4. bekk er svarið:

66 svör



Næsta haust lítur út fyrir að nemendur 1.-4. bekkjar telji 180-190 nemendur og má því ætla að ef um 60% nemenda í 3.-4. bekk myndi óska eftir þjónustu Dægradvalar væru það um 50 nemendur til viðbótar við þá nemendur sem verða í 1.-2. bekk.

Hugmyndir að lausn

Mikilvægt er að hugað verði að húsnæði fyrir starfsemi Dægradvalar sem geti rúmað allt að 150 börn. Sviðsstjóri skóla- og tómsundasviðs hefur, ásamt umsjónarmanni Dægradvalar og sviðsstjóra umhverfis- og eignasviðs, skoðað möguleika á að bæta við rýmið að Austurvegi 9, Sundhöll Ísafjarðar, en efsta hæðin í húsinu er ekki nýtt í dag. Þar væri hægt að koma fyrir starfi fyrir meira en 150 börn. Ástand húsnæðisins er nánast eins og á fokheldu húsnæði og þarf að leggja í töluverðar endurbætur á það sem kostað gætu um 200 m.kr. Þar er aðallega um að ræða burðavirki í þaki, aðgengismál og brunavarnir.

Starfsmaður tæknideildar Ísafjarðarbæjar hefur gert grófa kostnaðaráætlun sem miðar við fermetrakostnað við gerð leikskóladeildarinnar Tanga.

<i>Hönnun og eftirlit</i>	<i>15.000.000</i>
<i>Burðarvirki / þak</i>	<i>45.000.000</i>
<i>Lagnir</i>	<i>12.000.000</i>
<i>Rafmagn</i>	<i>12.000.000</i>
<i>Frágangur innanhúss</i>	<i>70.000.000</i>
<i>Frágangur utanhúss</i>	<i>9.000.000</i>
<i>Loftræsting</i>	<i>9.000.000</i>
<i>Ófyrirséður kostnaður 15%</i>	<i>25.800.000</i>

Sviðsstjóri hefur einnig rætt þessi mál við skólastjóra Gí sem sér tækifæri í að nýta húsnæðið að einhverju leyti á skólatíma fyrir nemendur með frávík .

Ekki er hefð fyrir tómsundastarfi, á vegum sveitarfélagsins, fyrir nemendur á miðstigi en það er trúlega það sem koma mun í framtíðinni. Rýmið á Austurvegi 9 er það mikið að gera mætti ráð fyrir einhverjum smiðjum fyrir nemendur á miðstigi.

Margrét Halldórsdóttir

Sviðsstjóri skóla- og tómsundasviðs